



1. Mars 2012

Embracing our Vision Designing our Future.

Frá orðum til athafna.

Bréf frá forseta landssambandsins.

Ágætu formenn deilda.

Febrúar var ótrúlega fljótur að líða, með þorablótum og ýmsum skemmtilegum uppákomum. Febrúarbréfið til ykkar varð að fyrri hluta marsbréfsins, en það er líka gott að breyta til, vera ekki með allt í föstum skorðum. Í það minnsta hentar það mér betur. Flestar deildir eru búnar að halda sinn fyrsta fund á nýju ári og uppstillingarnefndir trúlega að ljúka störfum.

Nú er ekki langt eftir af kjörtímabili ykkar formenn deilda. Þessi tvö ár hafa örugglega liðið hratt, en þó þið ljúkið ykkar embættisstörfum í vor er gert ráð fyrir að þið verðið nýjum formönnum og nýrri stjórn til trausts og halds og sækið stjórnarfund. Starfið heldur áfram þar sem frá var horfið og því mikilvægt að vera á hliðarlínunni.

Vorþingið verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, laugardaginn 28. apríl, eins og áður hefur komið fram. Dagskráin verður kynnt á netsíðu okkar í byrjun mars. Formaður menntamálanefndar, Kristín Jóhannesdóttir [kristin.johannesdottir@reykjavik.is](mailto:kristin.johannesdottir@reykjavik.is), á veg og vanda að dagskránni ásamt nefndarkonum í menntamálnefnd. Ef það er eitthvað sem þið hafið áhuga á að koma á framfæri fyrir þingið, hafið þá endilega samband við hana. Menntamálanefndin hefur lagt metnað í að fá sérlega áhugaverðar konur til að halda erindi á þinginu.

Á laugardagskvöldið er hugmynd um að fara saman út að borða í Kolabrautina í Hörpunni fyrir þær sem vilja.

Það er mér mikil ánægja að tilkynna ykkur að Dr. Jensi P. Souders alþjóðaforseti DKG hefur tilkynnt komu sína á þingið og verður hún á meðal ræðumanna.

Ég hvet ykkur til að fjölmenna á þingið með ykkar deildarkonur og ekki síst verðandi formenn, koma saman, kynnast og leggja ykkar að mörkum í okkar DKG umhverfi og kynnast alþjóðaforsetanum.

Þinggjaldið er 3.000 krónur og innifalið er kaffi, hádegismatur og annar kostnaður.

Vinsamlegast greiðið inn á reikning okkar:

Kt. 49 10 95 23 79 Rn. 546 26 2379

Guðbjörg gjaldkeri biður ykkur að greiða gjaldið fyrirfram, það er auðveldara fyrir alla.

Gott væri að þið könnuðuð þátttöku ykkar deildarkvænna og senduð mér töluna.

Ég ræddi um það á framkvæmdaráðsfundinum á liðnu ári, að gaman væri að fara saman út að ganga og jafnvel mynda hóp fyrir kvennahlaupið eða Reykjavíkumaraþonið. Spurning, hvort við ættum ekki að drífa í því að hafa ákveðinn stað og stund og síðan mæta þær sem geta?

Alþjóðþingið í New York City, dagana 23. – 29. Júlí

Þær konur sem verða með erindi í New York eiga rétt á styrk frá DKG og bið ég þær að hafa samband við mig.

Ég fól Sjöfn Sigurbjörnsdóttur í Alfa-deild að hafa samband við Flugleiðir vegna ferðarinnar til New York og hún er komin með ferðaáætlun.

Ferðaáætlun, fyrstu drög:

Delta-Kappa-Gamma-International Convention í New York City.

Mánudagur 23. Júlí – mánudags 30. Júlí.

Flug frá Keflavík kl. 10:30 – komutími í New York kl. 12:30

Flug frá New York kl. 20:40 komutími í Keflavík kl. 06:00

Verð: 93.720

Hótelið í New York 3. manna herbergi ca. 83.000 kr. 2. manna herbergi ca. 110.000 kr.

Í DKG NEWS 1. tölublaði 2012 á bls. 12 eru allar upplýsingar um kostnað á ráðstefnunni, einnig á netsíðu okkar og alþjóðasamtakanna DKG.org

Til upplýsinga þá býður DELTA flugfélagið flug til New York á þessum tíma fyrir 67.000 krónur sem er töluvert ódýrara en ofangreint flug með Flugleiðum. Nú þegar eru nokkrar félagskonur búnar að bóka far með því frá sunnudeginum 22. til sunnudagsins 29. júlí.

Í tengslum við alþjóðþingið verður haldið námskeið sem nefnist Seminar in Purposeful Living dagana 19. – 22. júlí. Í Washington DC. Aðeins 250 þátttakendur komast að. Ferð frá Washington D.C. til New York er hægt að fá pantaða í tengslum við námskeiðið. Nánar um námskeiðið má finna á slóðinni DKG.org.

Þátttökugjaldið er 225 dollarar. Einnig verða upplýsingar um þingið á heimasíðu okkar.

Að lokum þakka ég ykkur kærlega fyrir skýrslurnar, nú er ég búin að ganga frá minni skýrslu og hún farin til höfuðstöðvanna.

Kærar kveðjur til ykkar deildarkvænna ,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
forseti landssambandsins

